

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska sem annað mál

*Ertu Guð, afi?*

*Þýðing á hluta bókarinnar*

*eftir Þorgrím Þráinsson*

Ritgerð til B.A.-prófs

Maria Bukowska

Kt.: 250376-2199

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Október 2020

## Ágrip

Þessi ritgerð er þýðing á pólsku á hluta barnabókarinnar *Ertu Guð, afi?* eftir Þorgím Þráinsson. Ritgerðin skiptist í tvo hluta. Fyrri hluti fjallar um bókina, höfund hennar og almennt um þýðingar á fræðilegan hátt. Einnig er þar greinargerð um helstu vandamál sem upp komu þegar þýtt var. Um er að ræða annars vegar málfræðileg vandamál og hins vegar vandamál tengd mismunandi menningarheimi, þeim pólska og þeim íslenska. Seinni hluti inniheldur þýðinguna sjálfa.

# Efnisyfirlit

1. INNGANGUR .....	4
1.1 UM HÖFUNDINN .....	4
1.2 UM BÓKINA <i>ERTU GUD, AFI?</i> .....	4
2. UM ÞÝÐINGAR .....	6
2.1 ÞÝÐING .....	6
2.2 ÞÝÐINGATEGUNDIR OG KENNINGAR.....	7
2.2.1 SCHLEIERMACHER .....	7
2.2.2 JAKOBSON.....	7
2.2.3 NIDA OG JAFNGILDI .....	8
2.2.4 REISS OG VERMEER.....	9
2.3 ÞÝÐINGARÆÐFERÐIR.....	10
3. GREINAGERÐ VIÐ ÞÝÐINGUNA.....	13
3.1 GREINIR.....	13
3.2 FORNÖFN .....	14
3.3 RITHÁTTUR OG MEÐFERÐ SÉRNAFNA.....	14
3.4 FORLIÐIR.....	16
3.5 TÖKUORÐ.....	18
3.6 ORÐATILTÆKI.....	18
3.7 BEIN RÆÐA.....	19
3.8 MENNINGARLEGUR MUNNUR.....	19
LOKAORÐ.....	21
HEIMILDASKRÁ .....	22

# 1. Inngangur

## 1.1 Um höfundinn

Þorgrímur Þráinsson fæddist 8. janúar 1959 í Reykjavík en ólst upp í Ólafsvík. Hann útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1980 og stundaði síðar nám í háskólanum í Paris. Árið 1985-1989 var Þorgrímur ráðinn sem blaðamaður hjá Fróða og vann þar sem ritstjóri Íþróttablaðsins og frá 1989 sem ritstjórafullrúi barnablaðsins ABC. Ári seinna byrjaði hann sem framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar. Þorgrímur er mjög vinsæll höfundur og eru barna og unglingsbækur í miklum meirihluta hjá honum. Fyrsta bók hans *Með fiðring í tánnum* kom út árið 1989. Hann hefur hlotið Íslensku barnabókaverðlaun tvisvar sinnum, fyrst árið 1997 fyrir *Margt býr í mýrkinu* og síðan árið 2010 fyrir bókina *Ertu Guð, afi?* Árið 2009 völdu Íslensk börn *Núll núll 9* bestu bók ársins og hlaut hún því Bókaverðlaun barnanna. Hann hefur gefið út samtals 31 barnabækur og *Ertu Guð, afi?* tuttugasta og fimmta bók hans. Meðfram ritstörvum hefur Þorgrímur mikinn áhuga á íþróttum. Sem fyrrverandi knattspyrnumaður hefur hann einnig unnið fyrir Íslenska karlalandsliðið og einnig sem talsmaður heilsu, mannúðar og réttlætis.

## 1.2 Um bókina *Ertu Guð, afi?*

Flestar bækur Þorgríms fjalla um venjulegt líf barna og unglinga. Unglingavandamál er oftast tengd skóla, vináttu, ást og fjölskyldu unglingsanna. Höfundur einfaldlega setur sig í spor barnanna og talar frá þeirra sjónarhorni. *Ertu Guð, afi?* er uppbyggjandi, heillandi og myndin saga um Emmu Soffiu sem lifir venjulega, frekar óspennandi lífi, þar sem mamma hennar er oftast upptekin og pabbinn yfirleitt á sjó. Veröld hennar breytist gríðarlega þegar hún hittir afa sinn í fyrsta sinn. Frá fyrstu stundu urðu Emma Soffía og afi hennar strax bestu vinir og það má segja að ekkert í lífi ungrar stelpu yrði eins eftir það. Afí Afríka og hundurinn hans Tarzan komu inn í líf hennar þegar hún var 11 ára gömul. Afí var eitt stórt ævintýri fyrir hana með allan sinn fallega boðskap sem hún drakk í sig. Hann var skrítnasti, skilríkasti og besti afí í öllum

heiminum. Fyrst í stað botnaði hún hvorki upp né niður í honum, en það fór fljótt af. Þau urðu miklu meira en vinir. Hann fékk hana til að meta listaverk, fór með henni í fótbolta og gönguferðir um bæinn. Þau ræddu um hvað væri hollt að borða, um hvað gott væri að gleðja og hjálpa öðrum, fóru saman í kirkju og tendruðu ljós fyrir þau sem minna máttu sín. Hún faðmaði hann og hlóð batteríin, því það var eins og fangið hans afa væri hleðslutæki. Boðskapur hans til hennar var : Vertu alltaf besta útgáfan af sjálfri þér og safnaðu ljósi í hjartað því „þú ert þinnar eigin gæfu smiður.“ (Þorgrímur Þráinsson, 2010, 44)

Bókin *Ertu Guð, afi?* er skrifuð á auðveldu og skiljanlegu máli þar sem forðast er slangur og notaður orðaforði sem passar við aldur lesendahóps. Á þennan hátt sendir höfundur til lesenda boðskap um að virða náttúruna sem umlykur okkur, njóta lífsins, vera góð við hvert annað og hugsa vel um okkur sjálf og alla þá sem við umgöngumst. Bókin er uppbyggjandi, hún nærir, kætir og grætir allt í senn.

Bókin fékk góða dóma frá ýmsum gagnrýnendum. Ingveldur Geirsdóttir (Forlagið, 2020) skrifaði í Morgunblaðið :

Ertu Guð, afi? er falleg saga, innihaldsrík, afskaplega vönduð og sögð á leikandi léttan hátt. Þetta er bók sem ætti að höfða bæði til barna sem og fullorðinna enda full af fallegum boðskap sem á erindi til allra.

Í Skorningum, Rúv (Forlagið, 2020) var sagt:

Saga um einstaka vináttu, um það að lifa lífinu og kunna að meta það... góð áminning um gildi og gæði lífsins.

Einhver gæti sagt að barna og unglíngabókmenntir krefjist ekki sérstakrar ritfærni eða hæfileika. Ég er ekki sammála þeirri skoðun. Til að skrifa áhugaverða barnabók og uppfylla væntingar barnsins ( lesenda ), þarf höfundur að geta sett sig í þeirra spor. Þorgrímur getur það greinilega.

Ég held að hægt sé að loka þessum kafla með álitu rússnesku rithöfundarins Maksims Gorki (Cytaty sławnych ludzi, 2020) sem sagði:

„Fyrir börn þarftu að skrifa eins og fyrir fullorðna, aðeins betur.“

## 2. Um þýðingar

I þessum kafla fjallað er almennt um hugtök þýðingar og helstu þýðingaraðferðir. Einnig er gerð grein fyrir helstu þýðingarfræðingum og kenningum þeirra.

### 2.1 Þýðing

Þýðingar eru mikilvægur hluti af okkar daglega lífi og nútíma menningu. Fyrstu þýðingar eru upprunar í fornöld þar sem Biblía og helgarbækur voru þýddar á önnur, erlend tungumál. Í mörg hundruð ár og eftir þörfum mannkyns, með þróun siðmenningarinnar hafa þýðingar breyst út á mismunandi sviðum lífsins. Þýðingar eru á vinnustað, í bókmenntum, tónlist, menningu, í skólanum, í sjónvarpinu, blöðum og fréttum. Fólki verður að trúa og treysta þeim ef það vill fylgjast með í daglegu lífi eða taka þátt í menningu og vísindum. Til að nýta þær til fulls verða þýðingar að vera gerðar á réttan og faglegan hátt í samræmi við góða þekkingu á frumtextanum, efni og markmálinu. Samkvæmt Heimi Pálsynni og Höskuldi Þráinssyni (1988: 10) getur illa gert verk valdið óreiðu, misskilnings og latt til lesturs.

En fyrir hvað stendur hugtakið *þýðing*? Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (2010: 1231) sögnin *þýðing* stendur fyrir ‘skýring’, ‘merking’, ‘útlekking’ og ‘yfírfærsla’. Ástráður Eysteinnsson (1996: 25) sýnir að orðið *yfírfærsla* eða sögnin *yfírfæra* tengir mörg tungumál:

- 1)
  - a) Trans-late
  - b) over-sætte
  - c) über-setzung
  - d) trans-latio
  - e) prze-kład

Þýðing er því í raun ekkert annað en að færa texta úr einu máli á annað, snúa texta af einni tungu á aðra til að ná í markmiðið.

## 2.2 Þýðingategundir og kenningar

Um aldir hafa margir fræðimenn reynt að skilgreina þýðingar sem fylgja daglegu lífi okkar frá fornu fari. Verk þeirra og margra ára rannsóknir á þýðingum, þjóna öðrum þýðendum og vísindamönnum fram á þennan dag.

### 2.2.1 Schleiermacher

Einn mikilvægasti sérfræðingur í tungumálum og þýðingakennigum var Friedrich Schleiermacher (1768-1834), þýskur guðfræðingur, biblíufræðingur og heimspekingur oft kallaður faðir túlkunarfræði. Samkvæmt Schleiermacher eftir því sem Pym (2010: 5-28) greinir eru það bara tvær eiginlegar gerðir af þýðingum á milli tungumála. Fyrsta leiðin er *að færa lesandanum nær höfundni textans* eða önnur leiðin til *að færa höfundinn til móts við lesandann*.

Tilgangurinn með fyrstu þýðingaraðferð er að leiða lesandann til að skilja höfundinn og frumtextann, koma þekkingu á framfæri og komast nær þýðandanum. Í annarri aðferðinni leyfir þýðandinn höfundinum að tala eins og hann kunni markmálið og fer með höfundinn alla leið í markmenninguna. Að mati Schleiermachers má ekki blanda þessum aðferðum saman.

### 2.2.2 Jakobson

Ein af mikilvægu persónum á þessu sviði er Roman Jakobson (1896-1982) rússneskur áhrifaríkur málvísindamaður og bókmenntafræðingur. Í ritgerð hans *On Linguistic Aspects of Translation* skipti Jakobson þýðingum í þrjár megin gerðir eins og Ástráður Eysteinnsson (1996: 27-28) greinir frá:

2)

a. ***Þýðing innan tungumálsins* (e. intralingual translation)**

Í þessu tilfalli er textinn endurskrifaður eða umorðaður í sama málkerfi. Sem dæmi má nefna sögur í fornmáli sem eru kynntar í nútímamáli.

b. ***Þýðing milli tungumála* (e. interlingual translation)**

Samkvæmt þessari gerð er textinn færður úr einu tungumáli á annað eins og túlkun í kvikmyndum eða bókmenntum.

c. **Þýðing milli táknerfa (e. intersemiotic translation)**

Í þessu tilviki breytir textinn um form og er endurfluttur með öðrum tákniðli. Sem dæmi má nefna ballet.

Þýðing af bókinni *Ertu Guð, afi?* flokkast undir algengustu gerð milli tveggja ólíkra tungumála þar sem textinn er fluttur úr íslensku yfir á pólsku.

### 2.2.3 Nida og jafngildi

Eugene Nida (1914-2011) var bandarískur fræðimaður í biblíuþýðingu og málvísindamaður sem skapaði hugtakið *jafngildi* (e. equivalence) (sbr. Nida 1964:156). Hann er viðurkenndur sem einn af fremstu vísindamönnum í nútímarannsóknum á þýðingarkenningum. Samkvæmt Nida, þýðandinn stendur á milli frumtextans og lesandans og tengsl milli frumtexta og marktenta á að vera jafngilt. Ástráð Eysteinnsson (1996: 90) bendir á tvenns konar jafngildi sem Nida skilgreindi í þennan hátt:

3)

a. **Formlegt jafngildi (e. formal equivalence)**

Formlegt jafngildi bendir á bókstaflega þýðingu úr frumtextanum á nákvæmt jafngildi í marktentanum. Það má segja að í þessu tilfalli þýðing er orð fyrir orð. Áhersla liggur í boðunum sjálfum, inntaki og formi þeirra. Í þessu tilfalli sem dæmi má nota opinbera texta þar sem nákvæmni skiptir öllu máli.

b. **Áhrifajafngildi (e. dynamic equivalence)**

Áhrifajafngildi leggur aðal áherslu á menningarsamfélag, tilfinningar og áhrif þeirra á lesandann sem samsvarar áhrifum sem frumtextinn hefur á viðtakendur sína. Sem dæmi má nefna ýmsar skáldsögur.



Á minni þýðingu af bókinni *Ertu Guð, afi?* notaði ég áhrifafangildi til að ná sömu áhrifum á lesenda marktöxtans og frumtextinn gerir.

## 2.2.4 Reiss og Vermeer

Katharina Reiss (1923-2018) og Hans Vermeer (1930-2010) eru aðrar mikilvægar og aðgreindar persónur í heimi þýðingarinnar. Reiss og Vermeer voru þýskir málvísindamenn og þýðingafræðingar sem einkum eru þekkt fyrir *Skopos kenninguna*.

Á grísku merkir orðið skopos 'markmið', 'tilgangur'.

Í Skopos kenninguni er aðaláherslan lögð á tilgang þýðingarinnar og gerð textans. Með öðrum orðum á þýðandinn að einbeita sér við gerð textans og tilgangi hans. Samkvæmt Skopos kenningunni (sbr. Pym 2010: 47) textanum er skipt í þrjár gerðir:

4)

a. **Úplýsandi texti (e. informative)**

Í þessari tegund texta er megináherslan lögð á innihaldið. Sem dæmi má nefna þ.e. kennslubækur eða handbækur.

b. **Tjáningartexti (e. expressive)**

Í þessari tegund texta er áherslan lögð á formið texta. Sem dæmi má nota þ.e. ljóð.

c. **Virkjandi texti (e. operative)**

Í þessum texta er áherslan lögð á bein viðbrögð á lesandann. Sem dæmi má nefna þ.e. auglýsinar.

Samkvæmt kenningu Skopos eru fimm megin reglur um þýðinguna:

- a. þýðing skilgreinist af tilgangi sínum
- b. textar eru upplýsingaboð
- c. frumtexti er fyrir einn hóp og marktöxti fyrir viðtakanda
- d. marktöxti skal hafa samhengi svo viðtakandinn þarf ekki að vísa til frumtextans
- e. marktöxti skal standa í samhengi við frumtexta

Þýðing Ertu Guð, afi? er tjáningartexti þar sem áherslan er lögð á áhrif viðtakanda. Höfundur vísar augljóslega til tilfinninga lesandans.

### 2.3 Þýðingaraðferðir

Það er ekki launungarmál að hver þýðandi vinnur að textanum samkvæmt sínum eigin þýðingaraðferðum. Að flytja frumtexta yfir á marktecta tekur oft mikinn tíma, fyrirhöfn og æfingu. Þýðingafræðingurinn Peter Newmark flokkaði þýðingaraðferðir eftir hvort áheyrsla væri lögð annaðhvort á frummálið eða þýðingarmálið. Jón G. Friðjónsson (2006:13-15) tók þær saman í verki sínu:

5)

#### Áhersla lögð á frummálið:

Frá orði til orðs

Orðrétt þýðing

Kórrétt þýðing

Þýðing á grundvelli merkingar

<i>Þýðingaraðferð frá orði til orðs</i>	Leggur áherslu á að varðveita orðaröð frumtextans og merkingu orða í samræmi við orðabókina.
<i>Aðferð í orðréttri þýðingu</i>	Felst í því að orðaröð frumtextans er nánast eins og í marktectanum og sum orð eru þýdd beint.
<i>Kórrétt þýðing</i>	Leggur áherslu í mesta lagi á nákvæmni og merkingu frumtextans án þess að málreglur í frumtextanum séu brotnar.
<i>Þýðing á grundvelli merkingar</i>	Leggur áherslu á fagurfræði málsins.

6)

#### Áhersla lögð á þýðingarmálið

Aðlögun

Frjáls þýðing

Eðlileg þýðing

Þýðing á grundvelli tjáningar

<i>Aðlögun</i>	Einkennist af því að textinn er þýddur frjáslega til að aðlagast mennigarumhverfi málsins.
<i>Frjáls þýðing</i>	Leggur áherslu á innihald og merkingu frumtextans. Annar stíll marktans skiptir ekki öllu máli.
<i>Í eðlilegri þýðingu</i>	Nákvæm þýðing frumtextans er ekki eins mikilvæg og boðskapur hans.
<i>Þýðing á grundvelli tjáningar</i>	Leggur áherslu á þýðinguna sjálfa og þarf ekki endilega að fylgja reglum frummálsins eins og t.d. orðatiltæki merkinguna o.s.frv.

Jón G. Friðjónsson í bókinni *Þýðingar* (2006: 9) tekur fram, að til að byrja að þýða verður þýðandinn í fyrsta lagi að skilgreina stíl og tegund texta. Eftir því í hvaða flokk af þessum fjórum hópum höfundur skiptir textanum:

- 7)
- Bókmenntatexti (skáldsögur)
  - Fræðilegur texti (greinar)
  - Nytjatexti (fréttir í dagblöðum)
  - Fræðslutexti (kennslubækur)

Og einnig þær stíltegundir sem eru: fræðandi (e. informative text), lýsandi (e. expressive text) og loksins auglýsingatextar (e. vocative text).

Að mati Jóns G. Friðjónssonar getur fyrrnefnd skipting textans verið frekar ófullkominn vegna þess að textinn samanstendur oft af nokkrum mismunandi stílum.

Hvað er eiginlega góð þýðing og hvaða skilyrði verður þýðandinn að uppfylla til að meta að verk hans sé gott? Gæði þýðingarinnar samanstendur af nokkrum mikilvægum og augljósum þáttum. Samkvæmt Ástráði Eysteinsyni (1996: 57) til að flytja anda og eðli frumtextans á textinn að hafa réttan stíl og vera skiljanlegur og aðgengilegur fyrir viðtakandann. Auk þess eiga þýðingar að vekja svipaða upplifun og tilfinningar hjá lesendum og frumtextinn gerir.

Sérhver þýðandi verður að uppfylla þrjú grunnviðmið áður enn hann tekur til starfa. Höskuldur Þráinsson og Heimir Pálsson (1988: 11) benda á eftirfarandi kröfur sem eru: kunnátta í málinu sem þýtt er úr, þekking á efninu sem verið er að fjalla um og færni í því að skrifa lipurlega og skýrt á heimamálinu.

Að mínu mati tel ég mig uppfylla öll viðmiðin sem eru hér að ofan nefnd sem nauðsynleg eru til að hefja fyrstu bókaþýðingu mína.

Bókin *Ertu Guð, afi?* er tjáningartexti og vekur tilfinningar lesandans. Tilgangurinn með þýðingu minni var að flytja merkingu og boðskap frumtextans yfir í marktettann. Aðferðin merking fyrir merkingu gefur meiri möguleika og sveigjanleika á að tjá tilfinningar og innihald frumtextans en orð fyrir orð aðferð. Áhrifajafngildi leggur áherslu á menningarsamfélag, endurspeglar tilfinningar og áhrif þeirra á lesandann sem samsvarar áhrifum sem frumtextinn hefur á viðtakendur sína.

### 3. Greinagerð við þýðinguna

Í þessum kafla ætla ég að gera grein fyrir nokkrum helstu vandamálum sem upp komu við þýðingu minna. Um er að ræða annars vegar málfræðileg vandamál og hins vegar vandamál tengd mismunandi menningarheimi, þeim íslenska og þeim pólska.

#### 3.1 Greinir

Hvert tungumál hefur sínar eigin málfræðireglur. Annars vegar geta þær verið mjög mismunandi og aðrar reglur eru mjög svipaðar. Ein af þessum málfræðilegu munum í pólsku og íslensku er greinirinn. Greinir sem bætt er við lok íslenska orðsins gerir nafnorð ákveðið, þ.e. með því fæst tiltekin tilvísun. Til að forðast endurtekningu í stettingum er greini slept og notað er ábendingarfornafn eins og *þessi* eða *sá* í staðinn. Í pólsku er greinir ekki til og í staðinn er ábendingarfornafni bætt við fyrir framan nafnorðið.

8)

stelpa – Ø	stelpa – <b>n</b>	<b>þessi</b> stelpa
dziewczyna	<b>ta</b> dziewczyna	<b>ta</b> dziewczyna
strákur – Ø	strákur – <b>inn</b>	<b>þessi</b> strákur
chłopiec	<b>ten</b> chłopiec	<b>ten</b> chłopiec
líf – Ø	líf – <b>ið</b>	<b>þetta</b> líf
życie	<b>to</b> życie	<b>to</b> życie

9)

- a. Og mér fannst **tunglið** ennþá stara á mig, eins og **það** vissi allt um mig [...] (bls. 63)
- b. Wydawało mi się, że **księżyc** wciąż się na mnie gapi, jakby **wiedział** o mnie wszystko [...]
- c. Og mér fannst að **tungl** ennþá stara á mig, eins og **vissi** allt um mig [...]

### 3.2 Fornöfn

Fornöfn gegna mjög mikilvægu hlutverki bæði í pólsku og íslensku og notuð til að forðast of langar setningar og endurtekningu. Þau koma í stað nafnorðs (t.d. ég) eða atviksorðs (t.d. þar).

Hins vegar er notkun persónufornafna á pólsku mun sjaldgæfari en á íslensku og þeim oft sleppt vegna þess að sagnorðið sjálft inniheldur tölu og persónu.

10)

a. **Ég** beið eftir að **hún** segði eitthvað en **hún** grét bara. (bls. 57)

b. **Czekałam** aż coś powie, ale **ona** tylko płakała.

c. **Beið** eftir að segði eitthvað en **hún** grét bara.

a. **Ég** hata að dansa og **þú** veist það. (bls. 52)

b. **Nienawidzę** tańczyć i **ty** o tym wiesz.

c. **Hata** að dansa og **þú** veist það.

a. **Ég** sagði ekkert af því **ég** vissi ekki hvað **ég** átti að segja. (bls. 61)

b. Nic **nie powiedziałam**, bo **nie wiedziałam** co **mam** powiedzieć.

c. **Sagði** ekkert af því **vissi ekki** hvað **á** að segja.

### 3.3 Ritháttur og meðferð sérnafna

Sum íslensk bókstafir eins og *á, ð, é, í, ó, ú, ý, þ, æ, ö* eru ekki til í pólsku og pólskir lesendur hafa enga þekkingu á íslensku bókstöfunum eða framburði þeirra. Til að kynna og færa lesandum nýtt land, nýja staði og aðalpersónur sem birtast í bókinni, ákvað ég að breyta rithætti nafna og skipta þeim út fyrir pólskum jafngildum eins og sýnt er hér fyrir neðan:

11)

á > a	í > i	é > e
ó > o	ý > y	ö > o
ú > u	ð > d	æ > ae

Með eftirfarandi breytingum á rithætti vildi ég að færa orðum nær framburði:

ff > f	gg > g	nn > n
ll > l		

Í nokkrum tilvikum notaði ég enska stafi eins og *th* í stað þ í von um að framburðarreglurnar væru nær lesendum:

þ > th

Að mínu mati enska rithátt endurspeglar íslenskan hljóð mest og líkjast íslenskum framburði. Dæmi um persónunöfn sem birtast í bókinni eru:

12)

Emma **Soffia** – Emma **Sofia**

Kol**finna** – Kol**fina**

Siggi – Sigi

Sæ**þór** – Sa**ethor**

Í bókinni *Ertu Guð, afi?* gegna staðir ekki lykilhlutverki þó þeir sem nefndir eru í bókinni séu mjög einkennandi staðir í Reykjavík af menningarlegri þýðingu. Þessir staðir eru þekktir ekki aðeins Íslendingum heldur einnig ferðamönnum sem heimsækja Ísland. Þess vegna ákvað ég að staðanöfnum yrði ekki breytt og í staðin bætti ég aftan við staðarheitið eða örnefnið samheiti til nánari lýsingar á því til hvers vísað væri til.

13)

Hallgrimskirkja > **Katedra** Halgrimskirkja

Landakotstún > **Polanka** Landakot

Snæfellsjökull. > **Lodowiec** Snæfellsjökul

Íþróttir gegna mjög mikilvægu hlutverki í lífi Íslendinga og Íslendingar sem þjóð eru mjög vel á sig komnir líkamlega. Þau elska að synda, spila golf, fara í ræktina, spila fótbolta eða einfaldlega eyða tíma utandyra. Það væri ekkert sérstakt, ef það væri ekki fyrir þá staðreynd að næstum hvert íslenskur maður styður ekki bara íslenska fótballaliðið líka það erlenda. Þess vegna er ekki skrytið að Þorgrímur Þráinsson sem mikill fótballaunnandi vísi til enska fótballans í bók sinni. Eins og hér fyrir neðan er sama aðferð notuð af Þorgrími í bók sinni.

**Hólavallagata** United > **Klub z ulicy Holavalagata** United

### 3.4 Forliðir

Bókin *Ertu Guð, afi?* er skrifuð á kraftmiklu máli, það eru til margar lýsingar, orðasambönd, orðatiltæki og forliðir sem örva ímyndunarafl lesendans og gera tungumálið líflegt og áhugavert. Forliður stendur ekki sem sjálfstætt orð heldur forliði er bætt við fyrir framan orðið til að styrkja og leggja áheyrslu á merkingu þess.

14)

**Gler – fínn**

(bls. 25)

- a. Nú er ég aldeilis **glerfínn**.
- b. Teraz wyglądam absolutnie **wspaniale**.
- c. Nú lít ég alveg **prýðilega** út.

Í fyrsta dæminu forliður *gler-* er notaður til áherslu. Glerið stendur fyrir eitthvað hreint og glansandi. Orð sem passar best við atviksorð *glerfínn* er *wspaniale* eða *prýðilega*. Jafngildi áheyrsluforliði er sleppt vegna þess að orð *wspaniale* er í minni mati nógu sterkt til að lýsa áheyrslu.



15)

**Skelli – hlæja**

(bls. 35)

- a. Þetta er bara svo fyndið – sagði ég og **skellihló**.
- b. To jest po prostu takie zabawne – powiedziałam i **parsknęłam śmiechem**.
- c. Þetta er bara svo fyndið – sagði og **hnussaði af hlátri**.

Forliður *skelli-* er bættur við fyrir framan sagnorði til að leggja áherslu á athöfn. Ígildi orðsins *skellihló* í pólsku verður *parsknęlam* sem hér samsvarar orðinu *hnussaði*.

16)

**Snar – klikkaður**

(bls. 35)

- a. Ef ég þekkti ykkur ekki myndi ég halda að þið væruð **snarklikkaðir**.
- b. Gdybym was nie znała pomyślałabym, że jesteście **szaleńcami**.
- c. Ef ég þekkti ykkur ekki þá myndi ég halda að þið eru **brjáláðir**.

Í þessu dæmi er forliðurinn *snar-* settur til áherslu á lýsingarorðið til að efla kraft orðsins. Í pólskri þýðingu notaði ég nafnorði *szaleńcami* sem merkir það sama sem *brjáláðir* og er nóg sterkt til að nota sér án þess að nota jafngildi áhresluforliðarins.

17)

**Brenn – heitt**

(bls. 25)

- a. Ég vildi endilega að hann færi í **brennheitt** það svo heilinn í honum myndi þiðna.
- b. Chciałam, żeby dziadek koniecznie wziął **bardzo gorącą** kąpiel, by jego mózg odtajał.
- c. Vildi að afi endilega tæki **mjög heitt** það til að heili hans þiðna.

Í síðasta dæminu er forliðnum *brenn-* bætt við lýsingarorðið. *Brenn-* sem brenna táknar eitthvað mjög heitt, næstum sjóðandi. Í þessu samhengi við mína þýðingu passaði best atviksorðið *bardzo* sem samsvarar orðinu *mjög*.

Eins og það sést á nokkrum dæmunum sem valin voru úr textanum hér að ofan er forliðum bætt víða við á íslensku. Þau auka merkingu, leggja áherslu á styrk tilfinninga og bæta lit við lýsingar. Í þessari þýðingu til að endurspeglar styrk tilfinninga eða til að myndskreyta lýsingu, leitaði ég að jafngildum til að umorða setningu.

### 3.5 Tökuorð

Í bókinni *Ertu Guð, afi?* eru frekar fá orð tekin úr erlendum tungumálum, þó að í unglingsamtali séu innskot úr ensku mjög vinsæl. Eldri kynslóð Íslendinga myndu nota dönsku frekar en ensku af menningarlegum og sögulegum ástæðum.

Í fyrsta dæminu fyrir neðan orðatiltæki *dittin og dattin* er tekið úr dönsku og það hefur aðlagast íslensku málkerfi. Í þessum samhengi það sem samsvarar á pólsku *dittin og dattin* er *to tu to tam*.

18)

- a. Ég fer nú **bara dittin og dattin**. (bls. 30)
- b. Po prostu chodzę **to tu to tam**.
- c. Bara ég fer **hingað og þangað**.

Annað dæmi um tökuorð er sagnorð tekin úr ensku *to make popcorn* sem aðlagðist íslenska málkefni og breytti í sagnorð *að poppa*. Í mína þýðingu notaði ég sömu ensku tökuorðin *popcorn* og aðlagði pólska stafsetningu *popkorn*. Sama aðferð notaði ég með sagnorð *to make popcorn*.

19)

- a. Ég sé um **að poppa**. (bls. 56)
- b. Ja zajmę się **popkornem**.
- c. Ég skal **sjá um poppið**.

### 3.6 Orðatiltæki

Orðatiltæki og orðasamböndin eiga sér stað á hverju tungumáli og ekki er hætt að skipta út orðum í þeim fyrir annað. Þau eru óaðskiljanlegur hluti tungumálsins sem oft valda þýðendum mörg vandamál. Nákvæm þýðing er oft ekki möguleg en til að koma marktöxtanum á framfæri með jafngildi þarf þýðandi að finna orðatiltæki sem samsvarar frumtextanum eða þarf að umorða það.

Í erftirfarandi dæmi fyrir neðan gat ég fundið pólskt ígildi íslensku orðasambandsins:

20)

- a. Þú ert þinnar eigin **gæfu smiður!** (bls. 44)
- b. Jesteś **kwalem swojego losu.**
- c. Þú ert **járnsmiður þina eigin örlaganna.**

Í dæminu fyrir neðan endurspeglar þýðingin nákvæmlega merkingu setningarinnar og aðferðin er orð fyrir orð:

21)

- a. Við ræddum allt **milli himins og jarðar.** (bls.59)
- b. Dyskutowaliśmy o wszystkim tam **między niebem a ziemią.**
- c. Við ræddum um allt þar **milli himins og jarðar.**

Þriðja dæmið er ekki svo augljóst. Svipuð merking orðasambandsins náði ég með því að þýða samkvæmt áhrifajafngildi þ.e. merking fyrir merkingu.

22)

- a. Hún spurði **hvort við værum gengin af göflunum.** (bls. 45)
- b. Spytała, **czy najedliśmy się szaleju.**
- c. Spurði hvort **við hefðum borðað beiskjujurt.**

### 3.7 Bein ræða

Í íslenskum bókmenntum bein ræða er merkt með tilvitnunarmarki. Eins og sést í dæmi fyrir neðan gæsalappir byrja niðri og enda uppi „...“.

23)

- „Bíó?“ endurtók mamma hissa. „Á hvaða mynd?“ (bls. 57)
- Kino? – powtórzyła mama zaskoczona. – Na jaki film?

Til að halda skýrleika textans og jafnvel að leggja áherslu á samræðurnar ákvað ég að nota þankastrik (–)

### 3.8 Menningarlegur munnur

Markhópurinn sem þessi þýðing er tileinkuð eru ungmenni sem hafa áhuga á heiminum og aðra menningu en eiga heima í Póllandi. Á meðan ég þýddi textan rakst ég á tvö orð sem eru nátengd menningu íslensku þjóðarinnar.

24)

a. Eftir að hafa sent góða strauma fór pabbi með okkur á lítið krúttlegt kaffihús á Skólavörðustíg þar sem við fengum **kleinu** og heitt súkkulaði með rjóma.

(bls. 36)

**Klein/a et. Klein/ur** ft. Kleina er lítil kaka skorin út með kleinujárni, snúin og steikt í djúpri olíu eða í feiti. Á Íslandi er sú algengasta og þekktasta kaka í nokkrar kynslóðir. Kleinur eru frábært snarl við kaffi.

Í staðin fyrir *kleinur* notaði ég *drożdżowe faworki*. Þessar kökur lita út eins og kleinur og upprunalega eru gerðar úr rjóma deigi en í minna þýðingu notaði ég *ger deigið*.

25)

a. Síðan sótti ég fyrstu **Öddubókina** og kveikti á lampanum á náttborðinu.

(bls.63)

### **Öddubók**

Öddubækur er röð bóka um stúlku sem heitir Agnes Þorsteinsdóttir en kölluð gælunafninu Adda. Þessar bækur komu fyrst út árið 1946 til 1952 og voru mjög vinsælar og lesnar bæði af ungum stúlkum og fullorðnum konum.

Ég velti því fyrir mér hvaða bók ég hefði lesið sem minnti mig á Öddubækurnar. Þegar ég var ung stelpa var ég mjög hrifin af *Önnu í Grænuhlíð* eftir Lucy Maud Montgomery. Þrátt fyrir að Montgomery sé ekki pólskur rithöfundur hafa bækur hennar alltaf verið mjög vinsælar í Póllandi og hafa verið fluttar frá kynslóð til kynslóðar.

## Lokaorð

Í þessari ritgerð vildi ég koma á framfæri mikilvægum málum, áskorunum og vandamálum sem tengjast þýðingu.

Í fyrsta kafla er rætt um bókina *Ertu Guð, afi?* sem þýdd er úr íslensku yfir á pólsku og kynni stuttlega á höfundu hennar Þorgrími Þráinssyni.

Í öðrum kafla fjallað er um þýðingafræði almennt. Ég byrjaði á hugtaki um þýðingu svo tegundir texta, aðferðir og leiðir til að ná sem bestum árangri af verkum mínum. Til að skilja betur hvernig þessi viðamiklu vísindi þróuðust þurfum að fara aftur í tímann og hitta helstu forsvarsmenn þeirra, undanfara málvísinda eins og Schleiermacher, Nida, Jakobson eða Reiss. Gífurlegt framlag þeirra til þróunar þýðinga gefur þýðingum enn formið í dag. Þriðji kafli inniheldur kynningu á þýðingafærlinu þar sem ég þurfti að takast á við ýmis mál, menningarleg vandamál sem gerðu mér kleift að kynnast bæði pólsku og íslensku og sjá áttak þýðandans.

## Heimildaskrá

- Ástráður Eysteinnsson. 1996. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*.  
Bókmenntafræðistofnun. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. 1998. *Um þýðingar*. Iðunn, Reykjavík.
- Íslensk orðabók. 2007. Mörður Árnason (ritstj.). Edda, Reykjavík.
- Jakobson, Roman. 2000. On Linguistic Aspects of Translation. *The Translation Studies Reader*, bls. 126 – 140. Lawrence Venuti (ritstj.). Routledge, London and New York.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Þýðingar*. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Nida, Eugene A. 1964. *Toward a Science of Translating*, bls.156 – 159.  
E.J. Brill. Leiden, Holland.
- Pym, Anthony. 2010. *Exploring Translation Theories*. Routledge, London and New York.
- Þorgrímur Þráinsson. 2010. *Ertu Guð, afi?* Vaka-Helgafell, Reykjavík.

## Heimildir á netinu

- Cytaty sławnych ludzi. 2020. Maxim Gorki cytaty. Sótt 20. júní af  
<https://quotepark.com/pl/autorzy/maksim-gorki/>
- Ingveldur Geirsdóttir. 2020. *Ertu Guð, afi?* Sótt 20. júní af  
<https://www.forlagid.is/vara/ertu-guð-afi/>
- Skorningar, RÚV. 2020. *Ertu Guð, afi?* Sótt 07. maí af  
<https://www.forlagid.is/vara/ertu-guð-afi/>
- Þorgrímur Þráinsson. 2020. Forlagið. Sótt 07. maí af  
<https://www.forlagid.is/hofundar/torgrimir-trainsson/>